

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

III. HLUTI

Fjárfestingaferlið, Ráðgjöf og skattamál

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Fjárfestingaferlið, Ráðgjöf og skattamál (50%)

ATH. Prófið er tvískipt: Fjárfestingaferlið, Samval verðbréfa og sjóðastýring (50%), Fjárfestingaferlið, Ráðgjöf og skattamál (50%)

Prófdagur: 05.05.2012 Kl.: 09:00 – 13:00

Próftími alls: 4 klst. Prófblöð vegna þessa hluta prófsins, þmt. forsíða): 10

Leyfileg hjálpargögn: Öll hjálpargögn leyfileg. Fartölvunotkun óheimil. Fylgiblöð: Engin.

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.GANGI ÞÉR VEL.

1. hluti. Krossaspurningar (vægi 10%)

Svaraðu eftirfarandi krossaspurningum. Aðeins skal merkja við einn lið í hverri spurningu. Allar spurningar veга jafnt (1%). Ekki er dregið niður fyrir röng svör.

Spurning 1.

Hvað af eftirtöldu er rétt?:

- A) Enginn eðlismunur er á lífeyrissparnaði og öðrum tegundum sparnaðar/eigna.
- B) Reynslan sýnir að fjárfestir geti almennt búist við að 6-10 ára eignarhaldstími eigi að geta tryggt jákvæða raunávöxtun af fjárfestingunni.
- C) Fylgni á milli eignaflokka eykst oft á tímum mikillar óvissu.
- D) Séreignarsparnaður er aðfararhæfur.
- E) Arðgreiðslur og endurfjárfesting þeirra hefur ekki skipt miklu máli fyrir heildarávöxtun fjárfestis í bandarískum hlutabréfum þegar langt tímabil er skoðað.

Spurning 2.

Stjórnendur Yale háskólasjóðsins með David Swensen í broddi fylkingar hafa náð góðum árangri í gegnum tíðina. Sjóðurinn hefur farið ótroðnari slóðir í fjárfestingum en margir sambærilegir sjóðir. Að mestu leyti hefur verið sneitt hjá fjárfestingum á þróuðum hlutabréfa- og skuldabréfamörkuðum og sótt á mið óhefðbundnari fjárfestinga og markaða sem hafa þótt í óskilvirkaði kantinum. Regluleg endurstilling (rebalancing) hefur einnig verið hluti af eignastýringunni. Eins og áður horfir misjafnlega um einstaka markaði og eignaflokka þegar kemur að endurstillingunni. Eftirfarandi eru atriði sem stjórnendur sjóðsins eru að taka afstöðu til í þeirri vinnu:

- A) Verðmætir málmar (precious metals) eins og gull og silfur hafa hækkað mikið á undanförunum árum þó að heldur hafi gefið á bátinn á síðustu mánuðum. Mikil peningarentun víða um heim hefur styrkt stjórnendur sjóðsins í þeirri trú að horfur fyrir gull séu a.m.k. bjartar en meiri óvissa ríkir um silfrið. Niðurstaðan er að gera ekki neinar breytingar í þeirri vissu að markaðurinn muni frískast aftur og verð á gulli og silfri hækki.
- B) Sjóðurinn hefur fjárfest í ræktunarlandi í Bandaríkjunum sem hefur reynst vel á undanförunum árum í þeirri miklu uppsveiflu sem hefur verið á landbúnaði. Í sumum fylkjum hefur verð tvö-og þrefaldast á fáum árum. Það er fátt sem bendir til annars en að verð geti hækkað áfram og að horfa verði á hina miklu hækkun undanfarinna ára í lengra samhengi, en verð á landi hafði áður verið í áratuga langvarandi lækkunarfasa þegar horft er á raunverð. Miklar hækkanir í kjölfar svo langrar niðursveiflu þurfi ekki að koma á óvart. Sjóðurinn er þó viðbúinn því að verð geti lækkað aðeins þegar til skamms tíma er litið en það gildir einu þar sjóðurinn horfir til mjög langs tíma í fjárfestingum. Ákveðið er að gera ekki neitt að sinni.
- C) Fjárfestingar í hlutabréfum á nýmörkuðum hafa gengið upp og ofan á undanförunum 12 mánuðum. Nýjum mörkuðum var bætt í fjárfestingarstefnuna og hóf sjóðurinn t.d. fjárfestingar í hlutabréfum á mörkuðum í N-Afríku, í Mið-Austurlöndum og Asíu. Árangurinn í N-Afríku og Mið-Austurlöndum hefur verið ágætur en menn hafa þurft að horfast í augu við að vera teknir í bakarið í Indlandi þar sem lækkunir hafa

verið töluverðar þangað til alveg upp á síðkastið. Tekin er ákvörðun um að minnka eign sjóðsins í Indlandi og vera í mikilli undirvigt þar um sinn.

- D) Hluti eigna sjóðsins er í evrópskum hlutabréfum, fyrst og fremst í stærri ríkjum Evrópu. Spænsk hlutabréf í eigu sjóðsins hafa lækkað töluvert í verði það sem af er ári. Tekin er ákvörðun um að selja öll spænsk hlutabréf í eigu sjóðsins og kaupa í staðinn hlutabréf í fyrirtækjum sem með einum eða öðrum hætti tengjast landbúnaði. Hér ræðir t.d. um John Deere, Archer Daniels Midland, Syngenta, Caterpillar og Yara International.
- E) Ekkert af ofangreindu er rétt/á við.

Spurning 3.

Hér ræðir um "meðalkrónu-kostnaðaraðferðina" (dollar cost averaging). Lífeyrissjóður í vexti (þ.e. langt er í að mikið útstreymi byrji úr sjóðnum vegna lífeyrisgreiðslna) þarf að fjárfesta reglulega og horfir í því sambandi til mjög langs tíma. Jafnframt heldur hann þeim verðbréfum sem hann kaupir (buy and hold). Hvaða verðþróun ætti, að öðru óbreyttu, að vera æskilegust fyrir sjóðinn, þegar horft er til allra nánustu framtíðar?:

- A) Tímabil þar sem verð breytist lítið.
- B) Tímabil sem einkennast fyrst og fremst af verðlækkunum.
- C) Tímabil þar sem verð hækkar og ávöxtun til skamms tíma er þannig háþyrðuð.
- D) Tímabil þar sem verð lækkar aðeins framan af en hækkar svo þannig að sjóðurinn geti innleyst hagnað.
- E) Tímabil frekar lækkandi verðs en með verðhækkunum á milli til að tryggja viðunandi ávöxtun.

Spurning 4.

Hvað af eftirtöldu er rétt þegar um ræðir hlutlausu leiðina (index investing)?:

- A) Mikilvæg stoð leiðarinnar er að markaðurinn sé skilvirkur (efficient).
- B) Takmörkuð markaðsáhætta er til staðar.
- C) Hlutabréfatínsla (stock picking) er að hluta til talin vænleg til árangurs.
- D) Hlutlausu leiðin þýðir að tímasetning hefur ekki áhrif á árangur til langs tíma.
- E) Hún gefur kost á að vísitölusjóðir taki "hlutlausu stöðu" stöðu gagnvart markaðinum og hafi hluta eigna sinna í lausu fé ef horfur þykja ekki góðar.

Spurning 5.

Gengi hlutabréfa í spænska stórbankanum Banco Santander hefur lækkað úr 6 evrum í 4,8 evrur á síðastliðnum fjórum mánuðum. Gengi félagsins fór lægst í um 4,60 evrur fyrir nokkrum dögum. Lionel Messi keypti hlutabréf í félaginu fyrir fjórum mánuðum og var brugðið þegar gengið lækkaði. Sem betur fer hefur gengið byrjað aðeins að hækka á undanförunum dögum og Messi hefur einsett sér að selja bréfin þegar hann verður aftur á sléttu. Um hvað ræðir hjá honum?:

- A) Eftirsjá (regret).
- B) Endurhvarf til meðaltalsins (reversion to the mean).
- C) Oftrú á spár sérfræðinga.
- D) "Eftir á að hyggja" slagsíðu (hindsight bias).
- E) Haldreipi (anchoring).

Spurning 6.

Hvað af eftirtöldu er ekki rétt?:

- A) Hluti af tekjuskattstofni einstaklinga/hjóna dregst frá vaxtagjöldum.
- B) Fjármagnstekjuskattur er lagður á heildarvaxtatekjur án frádráttar vaxtagjalda.
- C) Yfirleitt er (þ.e. hefur verið) mikil fylgni milli verðs fasteigna annars vegar og hlutabréfaverðs og skuldabréfaverðs hins vegar.
- D) Frá hagnaði af sölu hlutabréfa mega einstaklingar draga tap af sölu hlutabréfa sem seld eru á sama ári.
- F) Árangur flestra verðbréfasafna/verðbréfasjóða er yfirleitt metin á kvarða hlutfallslegrar ávöxtunar(relative return).

Spurning 7.

Bandaríska sjóðafyrirtækið First Eagle Funds aðhyllist gamalgróin sjónarmið um virðisfjárfestingu (value investing). Undanfarna mánuði hefur fyrirtækið verið að auka við fjárfestingar sínar í fyrirtækjum eins og Nestlé, Proctor & Gamble og Unilever. Ef mið er tekið af einni sterkustu stoðinni sem sjónarmið virðisfjárfestingar hvílir á má draga þá ályktun að:

- A) Fyrirtækið telji að í því árferði sem nú ríkir séu fjárfestingar í stórum fyrirtækjum með traust og þekkt vörumerki einna traustastar.
- B) Viðbúið sé að matvælageirinn, sem framangreind fyrirtæki tilheyra, hækki meira en aðrir geirar á næstunni, enda spurn eftir matvælum að aukast þessi misserin.
- C) Verulegur aðskilnaður hafi orðið á milli verðs hlutabréfa og innra verðmætis.
- D) Nokkuð hefur verið um sameiningar meðal minni fyrirtækja í atvinnugreininni en nú séu horfur á að stærri fyrirtæki taki að sameinast til að geta tekist á við samkeppnina af enn meiri krafti.
- E) Hér sé um að ræða fyrirtæki með rekstur sem er tiltölulega óháður hagsveiflunni (non- cyclical stocks) en fyrirtæki af þeirri gerð séu yfirleitt góð kaup.

Spurning 8.

Jarlinn af Greystoke, John Clayton, ræðir fjárfestingar við unnustu sína Jane Porter. John vill kaupa hlutabréf í suður-kóreanska fyrirtækinu Samsung en að sögn hans hefur árleg ávöxtun hlutabréfa fyrirtæksins að meðaltali verið 9,2%. Jane hefur aftur á móti augastað á hlutabréfum í danska fyrirtækinu Novo-Nordisk en vinur hennar, Edgar Rice Burrougs, hefur sagt að Jane muni geta tvöfaldað höfuðstólinn á 7,5 ára fresti.

Parið hefur ekki efni á að kaupa hlutabréf nema í öðru fyrirtækinu og John spyr því Jane hvaða árlegu ávöxtunar megi vænta á bréfum í Novo-Nordisk. Jane spyr John á móti hversu langan tíma taki fyrir hlutabréf í Samsung að tvöfaldast (þ.e. miðað við forsendur um að ávöxtun í fortíð sé örugg vísbending um ávöxtun í framtíð). Miðað við ofangreindar forsendur er rétt svar:

- A) 9,2% ávöxtun á bréfum Novo-Nordisk og 7,5 ár fyrir bréf Samsung að tvöfaldast.
- B) 7,5% ávöxtun á bréfum Novo-Nordisk og 9,2 ár fyrir bréf Samsung að tvöfaldast.
- C) 10,5% ávöxtun á bréfum Novo-Nordisk og 9,2 ár fyrir bréf Samsung að tvöfaldast.
- D) 9,6% ávöxtun á bréfum Novo Nordisk og 7,8 ár fyrir bréf Samsung að tvöfaldast.
- E) 10,5% ávöxtun á bréfum Novo-Nordisk og 7,5 ár fyrir bréf Samsung að tvöfaldast.

Spurning 9.

Hjónin Bonnie Parker og Clyde Barrow ræða fjárfestingar. Bonnie telur að bandaríski seðlabankinn muni lækka vexti enn frekar og grípa til frekari aðgerða til að örva efnahagslífið, og fáir hafi séð hversu gott kaupþækifæri sé í hlutabréfum fyrirtækja sem eru mjög háð hagsveiflunni (cyclical stocks). Hér ræði t.d. um hlutabréf í fyrirtækjum sem tengjast bygginga-og húsnæðisgeiranum en þessir geirar hafa verið með böggum hildar undanfarin ár. Þau þurfi að nýta sér þetta sem fyrst og kaupa ríflega áður en aðrir komi auga á þetta tækifæri og verðið taki að hækka. Sjónarmið Clyde er aftur á móti að þetta geti nú verið nokkurri óvissu háð og þau eigi að halda sínu striki eins og undanfarin ár og ekki vera að gera upp á milli atvinnugreina/fyrirtækja né ráðstafa miklu meiri fjármunum en venjulega. Þessi áherslumunur hjónanna má segja að lýsi því að:

- A) Clyde hefur meiri trú á því en Bonnie að rétt tímasetning skipti máli við fjárfestingar í hlutabréfum.
- B) Clyde telur markaði vera skilvirkari en Bonnie og hún er í aðra röndina stuðmaður (momentum investor).
- C) Clyde horfir meira á virði fyrirtækis heldur en gengis/verðs á markaði, en þessu er öfugt farið hjá Bonnie.
- D) Clyde hefur meiri trú á að vali verðbréfa (security selection) heldur en Bonnie og telur einfaldlega að hún sé að veðja á rangan hest.
- E) Clyde telur að frekari vaxtalækkanir muni ekki örva efnahagslífið og gengi þeirra fyrirtækja sem Bonnie ræðir um geti vart hækkað.

Spurning 10.

Hvað af eftirtöldu er ekki rétt?:

- A) Tekjur starfsmanns af kaupum á hlutabréfum samkvæmt kauprétti eru ýmist skattlagðar í almennu skattþrepi tekjuskatts eða sem fjármagnstekjur.
- B) Almennt séð er vaxtaáhætta (interest rate risk) ráðandi áhættuþáttur í skuldabréfafjárfestingum.
- C) Þegar um ræðir (heildar) markaðsávöxtun, þ.e. þáávöxtun sem er til skiptanna fyrir fjárfesta sem hóp, skiptir ekki máli í því sambandi hversu skilvirka menn telja markaði/viðkomandi markað.
- D) Við ákvörðun auðlegðarskattstofns eru hlutabréf í félögum sem skráð eru í kaughöll talin fram á markaðsvirði.
- E) Þegar vísað er til jafnvægis (balance) í verðbréfasöfnum er átt við að jafnvægi sé á milli verðlagningar hlutabréfa og skuldabréfa.

Spurning 1. (7%)

A) (5%). Hinn nafntogaði fjárfestir Peter Lynch skiptir í bók sinni “One Up on Wall Street” hlutabréfum í sex flokka. Einn flokkanna, og sem var í uppáhaldi hjá Peter, er “The Fast Growers”, þ.e. fyrirtæki sem eru að vaxa mikið. Peter taldi að þegar lukkan væri með mönnum á þessum vígstöðvum væri þetta land “10-40 hafnanna”; þar væri hægt að tífalda og allt upp í fjörutíufalda upphaflega fjárfestingu.

Útskýrið vel verklag fjárfesta af ofangreindu tagi, hvernig þeir bera sig að við fjárfestingar og hver eru mikilvæg grundvallaratriði við mat fjárfestingarkosta og í fjárfestingum. Styðjið mál ykkar eftir fremsta megni með dæmi/dæmum.

B) (2%). Peter sagði einnig eitt sinn eitthvað á þá leið að ef hann gæti forðast eitthvað eitt hlutafélag, þá væri það “heitasta” hlutafélagið í “heitustu” atvinnugreininni, hlutafélagið sem fær jákvæðustu umfjöllunina, t.d. hjá greiningaraðilum og í fjölmiðlum, hlutafélagið sem fjárfestir heyrir um í vinnurúttunni eða í lestinni....

Fjalið í stuttu máli um þá aðferð í fjárfestingum sem Peter er að benda mönnum á að varast.

Spurning 2. (5%)

Útskýrið þrjár slagsíður (biases) sem flokka má sem lærdómstakmarkanir (“limits to learning”) og hvaða þýðingu þær hafa fyrir hegðun í fjárfestingum. Styðjið mál ykkar eftir fremsta megni með dæmi/dæmum.

Spurning 3. (3%)

Frændurnir George Clooney og Wayne Rooney hafa frá því í sumarbyrjun 2011 fjárfest í hlutabréfum. George hefur fjárfest á hlutabréfamarkaði á Ítalíu en Wayne í þýskum hlutabréfum. Þeir hafa fjárfest fjórum sinnum, andvirði peninganna sem þeir fá frá auglýsingasamningum sínum, 350 þús. kr. í hvert skipti. Forsendur eru þessar:

FTSE MIB á Ítalíu

Gildi 1. júní '11	20.866
Gildi 1. sept. '11	15.679
Gildi 1. des. '11	15.244
Gildi 1. mars '12	16.830
Gildi 27. apríl '12	14.448

DAX hlutabréfavísitalan í Þýskalandi

Gildi 1. júní '11	7.217
Gildi 1. sept. '11	5.730
Gildi 1. des. '11	6.035
Gildi 1. mars '12	6.470

Gildi 27. apríl '12 6.801

Hvert er verðmæti hlutabréfaeignar þeirra frænda þann 27. apríl?: (2%)

A) George: _____

B) Wayne: _____

Nú er gert ráð fyrir að George hafi í upphafi einnig sett sér markmið um að safnið hans myndi vaxa í 400 þús. kr. 1. sept. '11 (þ.e. áður en 350. þús.kr. er bætt við) og 800 þús. kr. 1. des. '11. (þ.e. áður en 350 þús.kr. er bætt við). Hvaða fjárhæð, ef einhverja, hefði hann samanlagt þurft að bæta við 350 þús. krónurnar sem fjárfestar eru í þessi tvö skipti? (1%):

Spurning 4. (8%)

Útskýrið vel, en stuttlega, eftirfarandi efnisatriði/hugtök (Styðjið með dæmum þar sem við á). Hver liður gildir 2%:

- A. Prospect theory.
- B. Mental accounting.
- C. Rammi viðfangsefna (framing) og áhættu.
- D. Tímasetningu markaðar (market timing) sem uppsprettu ávöxtunar.

Spurning 4. (13%)

Fjallaðu um eignasamsetningu eftirfarandi aðila, kosti og galla og atriði sem skipta máli í því sambandi. Gerðu tillögu að endurbótum á eignasafni viðkomandi. Gefðu þær forsendur sem þú telur vanta, eða er nauðsynlegt og/eða nýtsamlegt að hafa upplýsingar um, um leið og þú rökstyður svar þitt (ath. þú átt ekki sérstaklega að hafa í huga skammtímahorfur á fjármálamörkuðum eða þær takmarkanir sem nú eru í gildi hérlendis varðandi fjárfestingar í erlendum verðbréfum):

KóKó Ósvífursdóttir er 49 ára gömul. Hún hefur gert víðreist um ævina. Að loknu iðnnámi starfaði hún í fjögur ár sem tækniteiknari en hleypti svo heimdraganum og fór í framhaldsnám erlendis. Næstu fjögur árin stundaði hún nám í fatahönnun og stjórnun tískuhúsa við virta skóla í París og Mílanó. Að námi loknu vann hún sjálfstætt og tók að sér smærri verkefni fyrir ýmsa aðila og vann markvisst að því að afla sér fjölbreyttrar reynslu og skapa sér nafn í því augnamiði að fá fasta vinnu við eitt af stóru tískuhúsunum. Áætlanir gengu eftir en eftir þrjú ár í "harkinu" var hún ráðin sem hönnuður hjá Givency. Eftir þrjú ár í starfi á þeim bæ, við góðan orðstír, var henni boðið starf hjá Christian Dior en kveikjan að því var að KóKó hafði fyrir tilviljun hitt Bernard Arnault aðaleiganda Dior á málverkasýningu í París þar sem m.a. var verið að sýna verk Errós. KóKó starfaði næstu fjögur árin hjá Dior en þegar hún fékk boð um starf hjá Chanel gat hún ekki hafnað því. Það var mikið tækifæri að fá að hluti af teymi Karl Lagerfeld aðalhönnuðar hjá Chanel. Árin hjá Chanel urðu tíu og þar gat KóKó sér gott orð fyrir að vera óhrædd við að fara nýjar leiðir í hönnun. Fyrir tæpum tíu árum urðu aftur kaflaskipti hjá KóKó. Hún tók ákvörðun um að flytja frá heimsborginni París og í Mosfellsbæ, sem KóKó hafði alltaf þekkt sem Mosfellssveit. Undanfari þess var að hún hafði farið í sjö daga ferð um hálendi Íslands með Ferðaskrifstofunni Sunnu. Þar var leiðsögumaður Gunnar nokkur Hámundason. Vel fór á með þeim KóKó og Gunnari. Þegar rútan kemur niður á BSÍ spyr Gunnar KóKó hvort að hún sé tilliðanlega til að fara saman með honum í bíó. KóKó tekur vel í þessa hugmynd Gunnars. Hún hafði síðast farið í íslenskt kvikmyndahús í Hafnarbíó og séð Sound of Music. Nokkrum mánuðum seinna hafa þau látið þússa sig saman og KóKó hefur tilkynnt vinnuveitendum sínum hjá Chanel að hún sé á heimleið til Íslands. Gunnar var að ganga í hjónaband í annað sinn, hann hafði skilið við fyrrverandi konu sína Hallgerði fyrir áratug. Hann er harðduglegur, ljóðmæltur, góður fimleikamaður, úrræðagóður og heldur mikið upp á Bee Gees. Gunnar er íþróttakennari að mennt og kenndi íþróttir í grunnskóla í 15 ár. Hann tók sér svo launalaust leyfi til að ljúka námi í leiðsögumennsku. Ekkert varð af því að hann snéri aftur til kennslustarfa heldur sneri hann sér að leiðsögumennsku og starfaði einnig sjálfstætt við einkaþjálfun, og þá einkum yfir vetrarmánuðina enda mest að gera í leiðsögumenskunni yfir sumarið. KóKó og Gunnar eiga þrjú börn á aldrinum 7-10 ára. Þau búa í raðhúsi í Mosfellsbænum þar sem KóKó hefur jafnframt smávinnuaðstöðu. Húsnæðið er í minna lagi og þau hafa hug á að stækka við sig innan 5 ára. Gunnar hefur haldið sínu striki og vinnur við leiðsögumennsku og einkaþjálfun. KóKó vinnur mikið heima við fatahönnunina. Gunnar á tvö börn af fyrra hjónabandi sem eru á 21 og 23 ára gömul. Þau stunda háskólanám hérlendis en bæði hyggja á framhaldsnám erlendis. Gunnar er ákveðinn í að leggja sitt af mörkum til að styðja þau eitthvað fjárhagslega í þeim efnum.

Peningalegur sparnaður Kókó og Gunnars er mjög mikill, þau hafa bæði verið dugleg í gegnum tíðina og Kókó var sannast sagna með mjög há laun þegar hún starfaði hjá Chanel. Og Gunnar hlut í jörðinni Hlíðarenda í Fljótshlíð og er sá hlutur metinn á 12-15 m.kr. Peningalegur sparnaður þeirra er í heild um 45 m.kr. að markaðsvirði og skiptist þannig:

Frönsk: 7 milljónir íslenskra króna í lúxusvöruvöruvirkjun LVMH.

Svissnesk hlutabréf: 5 milljónir íslenskra króna í lúxusvöruvöruvirkjun Richmont.

Þýsk hlutabréf: 2 milljónir íslenskra króna í Adidas og 2 milljónir íslenskra króna í Puma.

Norræn hlutabréf: Jafnvirði 3 milljóna króna í hlutabréfasjóð.

Japönsk hlutabréf: Jafnvirði 2 milljóna króna í hlutabréfasjóð.

Erlend skuldabréf: Jafnvirði 4 milljóna króna í skuldabréfasjóð sem fjárfestir í norrænum ríkisskuldabréfum og jafnvirði 2 milljóna króna sem fjárfestir í bandarískum hávaxtaskuldabréfum (high-yield) fyrirtækja.

Innlend skuldabréf: 7 milljónir króna í skuldabréfasjóð sem fjárfestir í stuttum og meðallöngum ríkisskuldabréfum. 500 þús. kr. í sjóð sem fjárfestir í ríkisvixlum.

Innlend hlutabréf: 5 milljónir króna í hlutabréfum í Marel og 250 þús.kr. í Icelandair

Aðrar fjárfestingar: Jafnvirði 5 milljóna króna í kauphallarsjóð sem fjárfestir í landbúnaðarhrávörum.

Spurning 6. (4%)

Fjallaðu um áhrif huglægrar afstöðu fjárfestis til áhættu á áhættuþol. Styðjið svar ykkar með dæmum er varða einstakar eignir/eignaflokka.